

Nd.

618. Frumvarp til laga

um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

1. gr.

Menntaskólar eru tveir, annar í Reykjavík, hinn á Akureyri. Stofna skal hinn þriðja í sveit, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr rikissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólanna að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir. Greinast 3 efstu bekkirnir í 2 deildir: máladeild og stærðfræðideild. Heimilt er fræðslumálastjórn að stofna fleiri deildir við skólana samkvæmt tillögum hlutaðeigandi skólastjórnar.

4. gr.

Skólarnir eru jafnt fyrir pílta og stúlkur.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda í skólana.

5. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skóla.

6. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldurs-ákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. að hann hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið;
3. að hann sé óspilltur að siðferði;
4. að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólanna veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólanna, verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með ákveðinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

III. KAFLI

Um kennsluna.

9. gr.

Í skólunum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu og félagsfræði, kristin fræði, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, bókfærslu, íþróttir og söng.

Heimilt er stjórnnum skólanna að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki yfirstjórnar þeirra.

IV. KAFLI

Um próf og einkunnir.

10. gr.

Í hverjum bekk skal að jafnaði halda próf í lok skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemandi, er stentzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

11. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

Menntaskólar einir hafa rétt til að brautskrá stúdenta.

Ákvæði 2. málsg. raskar ekki þeim réttindum, sem einstakir skólar hafa þegar fengið.

12. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólanna um úrlausnir hver hjá öðrum. Við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólanna að fengnum tilögum háskólaráðs og forstöðumanna skólanna.

13. gr.

Um próf að öðru leyti og um einkunnir segir í reglugerð.

V. KAFLI

Um kennara skólanna.

14. gr.

Skólastjórar og fastir kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar.

Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild.

Skólastjórar ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki fræðslumálastjórnar.

15. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágur frá þessum ákvæðum má enn fremur veita, er sérstaklega stendur á og þörf krefur, samkvæmt nánari fyrirætlum í reglugerð.

16. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, á hann rétt á ársorlofi með fullum launum og síðan tíunda hvert starfsár á sama hátt og með sömu skilyrðum. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það truflí ekki störf skólanna eða torveldi þau.

17. gr.

Nánari ákvæði um réttindi kennara og skyldur standa í reglugerð.

VI. KAFLI

Um stjórn skólanna og yfirstjórn.

18. gr.

Fræðslumálastjórn er yfirstjórn skólanna. Skólastjóri og fastir kennarar skipa skólastjórn, eftir því sem nánara er ákveðið í reglugerð.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjóra, skólalækna til 5 ára í senn og ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

Skólalæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólunum.

20. gr.

Um skólatíma og leyfi, nemendur, reglu og aga skal ákveðið í reglugerð.

VIII. KAFLI

Um gildistöku laganna.

21. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 32 19. maí 1930, um menntaskóla á Akureyri, lög um breyting á þeim lögum, nr. 89 19. júní 1933, og lög nr. 19 24. marz 1944, og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.